





EFNISYFIRLIT

STJÓRNSKIPURIT RARIK	4
FORMÁLI	5
REKSTRARYFIRLIT	8
STARFSEMIN 2005	9
Ársfundur 2005	9
Fjármál	9
Markaðsvæðing raforkusölu	10
Orkuvíðskipti	11
Orkusala og dreifing	12
Rekstur virkjana	14
Rekstur varmaafsstöðva	14
Framkvæmdir og þróunarverkefni	15
Stækkun Lagarfossvirkjunar	16
Aðrar framkvæmdir	17
Dreifikerfi	18
Hitaveitur	18
Upplýsingatækni	19
Kynningarmál	19
Félags- og starfsmannamál	20
ÁRSREIKNINGUR	21
ENGLISH SUMMARY	33






Stjórnskipurit RARIK 2005

Skipan stjórnar RARIK 2005-2006 var kynnt á ársfundi 2005 og helst hún óbreytt frá árinu á undan og er því þannig skipuð:

Sveinn Þórarinsson formaður
Árni Johnsen
Benóný Arnórsson
Guðjón Guðmundsson
Ingibjörg Sigmundsdóttir
Stefán Guðmundsson
Sveinn Ingvarsson





TRYGGVI ÞÓR HARALDSSON, RAFMAGNSVEITUSTJÓRI:

Samkvæmt lögum verður hlutafélagið RARIK hf. stofnað þann 15. júlí næstkomandi og mun hlutafélagið taka yfir alla starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins frá og með 1. ágúst. Þar með lýkur tæplega 60 ára sögu Rafmagnsveitna ríkisins sem ríkisfyrirtækis, en við tekur hlutafélagið RARIK hf.

NÝ RAFORKULÖG

Í ársbyrjun 2005 urðu umtalsverðar breytingar á raforkuviðskiptum í kjölfar nýrra raforkulaga. Þær breytingar fólu meðal annars í sér að raforkunotendur, sem nota 100 kW afl eða meira, gátu þá í fyrsta skipti valið sér raforkusala og samkeppni var innleidd í þessum viðskiptum hér á landi. Breytingarnar mörkuðu fyrri áfanga í markaðsvæðingu raforkusölu á Íslandi. Verulegar breytingar urðu á verðskrá RARIK eins og annarra orkufyrirtækja við þessi tímamót, en þá var verðskrá skipt upp í dreifikerfisverðskrá annars vegar og sóluverðskrá hins vegar. Dreifikerfisverðskránni var enn fremur skipt eftir dreifbýli og þéttbýli. Dreifikerfisverðskrár eru undir eftirliti Orkustofnunar, sem gefur tekjuramma að teknu tilliti til kostnaðar við rekstur og umfang dreifikerfanna og þurfa verðskrár að rúmast innan þess ramma. Með breytingunni er hætt millifærslum frá þéttbýli til dreifbýlis og milli almennrar raforkunotkunar og rafhitunar.

RARIK hefur á undanförunum árum ítrekað bent á að óeðlilegt hafi verið að viðskiptavinir í þéttbýli á veitusvæði RARIK greiddu niður kostnað við raforkudreifingu í dreifbýli, umfram þéttbýlisbúa á öðrum veitusvæðum. Það er því fagnaðarefni að nú skuli vera búið að leiðrétta þessa mismunun og taka sérstaklega á þeim umframkostnaði sem íbúar í dreifbýli búa við, með beinum og gegnsæjum hætti á fjárlögum. Viðskiptavinir RARIK á almennum orkutaxta standa mun betur að vígi í samanburði við höfuðborgarbúa eftir þessar breytingar. Það var einnig eðlileg breyting að verðskrá fyrir dreifingu raforku væri óháð því í hvað orkan er notuð. En við þá breytingu féllu niður sérstakar niðurgreiðslur orkufyrirtækja til rafhitunar og millifærslur milli notkunarflokka. Þetta hafði þau áhrif að rafhitunotendur komu verr út úr þessum breytingum en aðrir raforkunotendur, þrátt fyrir auknar niðurgreiðslur ríkisins. Ef bregðast á við þessu þarf það að gerast með frekari endurskoðun á rafhitaniðurgreiðslum ríkisins.

Um áramótin 2005-2006 urðu enn mikil tímamót í raforkumálum á Íslandi þegar öll viðskipti með raforku voru gefin frjáls. Undirbúningur að þeim tímamótum og nýrri verðskrá fyrir raforkusölu stóð yfir á árinu og var birt í lok ársins. Það er mikilvægt fyrir RARIK að viðskiptavinir fyrirtækisins njóti bestu fánlegu kjara og er sú verðskrá sem kynnt var í árslok 2005 miðuð að því að þjóna viðskiptavinum sem best og standast samkeppni við það sem aðrir bjóða.

Þann 17. febrúar 2005 upplýsti iðnaðarráðherra að ríkið ráðgerði að sameina RARIK, Orkubú Vestfjarða hf. (OV) og Landsvirkjun (LV), ef samkomulag næðist um að ríkið leysti til sín eignarhluta sveitarfélaganna í LV. Í kjölfarið var fyrirtækjunum falið að undirbúa hugsanlega sameiningu í eina fyrirtækjasamstæðu. RARIK og OV, sem bæði eru í 100% eigu ríkisins, höfðu hafið viðræður um að stofna sameiginlegt orkusöluvyrirtæki, enda væri slíkt fyrirtæki betur í stakk búið til að takast á við nýtt samkeppnisumhverfi.

SÖLUFYRIRTÆKI

Í kjölfar viðræðna fyrirtækjanna þriggja um hugsanlega sameiningu í eina samstæðu var um mitt ár 2005 hafinn undirbúningur að stofnun orkusöluvyrirtækis í eigu þeirra allra, sem tæki til starfa á árinu 2006. Endanleg ákvörðun var þó ekki tekin fyrr en í ársbyrjun 2006. Eitt af markmiðunum með stofnun orkusöluvyrirtækis er að marka skýrari skil milli einkaleyfis- og samkeppnisrekstrar hjá RARIK og OV, en þau fyrirtæki reka einnig dreifiveitur auk raforkuframléiðslu. Hið nýja fyrirtæki mun ráða yfir eigin framléiðslugetu auk þess sem það mun kaupa raforku í heildsölu frá framleiðendum. Eftirtaldir aflstöðvar munu verða hluti af orkusöluvyrirtækinu: Rjúkandi, Skeiðfoss, Grímsá, Lagarfoss og Smyrlabjargavirkjun frá RARIK, Mjólkárirkjun, Þverárvirkjun, Rafstöðin Fossum og Reiðhjallavirkjun frá OV og Laxárstöðvar frá LV. Samtals er uppsett afl þessara stöðva um 53 MW og orkuvinnsla



rúmar 300 GWh á ári. Eignarhlutir fyrirtækjanna í hinu nýja fyrirtæki skiptast þannig að RARIK og OV eiga 36% hvort og LV 28%. Að öðru leyti hafa viðræður um sameiningu fyrirtækjanna þriggja frestast, þar sem ekki hefur náðst samkomulag um kaup ríkisins á eignarhluta sveitarfélaganna í LV.

Landsnet hf. tók til starfa 1. janúar 2005 en því er ætlað að sinna meginflutningi rafmagns í landinu. Með stofnun Landsnets hf. lauk þætti RARIK í heildsölu rafmagns eftir áratuga sögu og stundaði fyrirtækið á árinu eingöngu smásöluviðskipti. Í samræmi við lög um Landsnet hf. og með samkomulagi nefndar, sem lðnaðarráðherra skipaði til að meta verðmæti þeirra eigna sem mynda skyldu flutningskerfi hins nýja flutningsfyrirtækis, lögðu RARIK, Landsvirkjun og Orkubú Vestfjarða flutningskerfi sín inn í hið nýja fyrirtæki. Hitaveita Suðurnesja og Orkuveita Reykjavíkur völdu hins vegar að leigja Landsneti hf. sín kerfi. Meirihluti stofnlínukerfis RARIK var því seldur frá fyrirtækinu á árinu til Landsnets hf. Helmingur söluverðsins var greiddur í formi hlutabréfa í Landsneti hf. og á RARIK nú 24,2% í því. Starfsmenn RARIK vinna þó áfram að rekstri flutningskerfisins, í samræmi við samninga sem gerðir voru á árinu um rekstur og nýframkvæmdaverkefni fyrir Landsnet hf.

STÆKKUN LAGARFOSSVIRKJUNAR

Á undanförunum misserum hefur RARIK unnið að undirbúningi stækkunar Lagarfossvirkjunar á Héraði. Á árinu 2004 féllst Skipulagsstofnun á þá ósk RARIK að stækkun virkjunarinnar yrði undanþegin mati á umhverfisáhrifum og í kjölfarið óskaði RARIK eftir því við iðnaðarráðherra að fá virkjunarleyfi vegna stækkunar Lagarfossvirkjunar um allt að 20 MW með um 130 GWh orkuaukningu á ári. Virkjunarleyfið var gefið út af iðnaðarráðherra þann 11. janúar 2005.

Í framhaldinu fengust á vormánuðum byggingar- og framkvæmdaleyfi vegna stækkunarinnar. Að undangengnum útboðum var samið við Litostroj frá Slóveníu um kaup á hverfli og gangráði og Koncar frá Króatíu um kaup á rafölum og segulmögnunarbúnaði, ásamt stjórn- og varnarbúnaði fyrir bæði nýju og gömlu vélarnar. Þá var samið við Íslenska aðalverktaka um byggingarhluta virkjunarinnar, við Montavar Metalna Nova um rista- og lokubúnað og við Munch Cranes í Noregi um byggingarkrana. Tilboð voru í nær öllum tilfellum undir kostnaðaráætlun. Framkvæmdir við virkjunina hófust um miðjan apríl 2005.

HITAVEITA BLÖNDUÓSS KEYPT

Þann 10. maí 2005 var undirritaður samningur milli fulltrúa Blönduóssbæjar og RARIK um kaup RARIK á eignum Hitaveitu Blönduóss. Keypt voru öll hitaréttindi Blönduóssbæjar í landi Reykja, ásamt öllum mannvirkjum tengdum nýtingu á heitu vatni, þ.m.t. dreifikerfi hitaveitunnar. Veitusvæði Hitaveitu Blönduóss nær nú yfir Blönduósbæ og hluta Torfalækjahrepps.

Kaupverð hitaveitunnar var 427 milljónir króna og tók RARIK við rekstri hennar þann 1. júlí 2005. Í viðræðum um sölu hitaveitunnar kom fram að RARIK hefur fullan hug á að halda áfram athugun á hagkvæmni þess að stækka þjónustusvæði hitaveitunnar. Viðræður hafa átt sér stað við fulltrúa sveitarstjórnar Höfðahrepps og í ársbyrjun 2006 var undirrituð viljayfirlýsing um lagningu hitaveitu til Skagastrandar, að undangengnum rannsóknnum á orkuöflun.

AFKOMA RARIK

Afkoma RARIK á árinu 2005 var óvenju góð og mun betri en undanfarin ár. Hagnaður var 1.590 mkr. en var 472 mkr. á árinu 2004. Mismunur á rekstrarniðurstöðu skýrist að langmestu leyti af söluhagnaði sem myndaðist vegna mismunar á bókfærðu og metnu verði flutningsvirkja sem lögð voru inn í Landsnet hf. á árinu. Tekjur vegna orkusölu voru nánast þær sömu og árið áður. Aðrar tekjur jukust verulega. Rekstrartekjur hækkuðu um 16,8% á milli ára, en rekstrargjöld lækkuðu um 2%. Eigið fé í lok ársins 2005 var 13.174 mkr og eiginfjárlutfall var 69%.

Fjárfestingar á árinu voru með mesta móti. Auk stækkunar Lagarfossvirkjunar var farið í sérstakt átak í lagningu háspennustrengja í strjálbýli og var rúmlega tvöföldu fjármagni veitt í þann málaflökk miðað við undanfarin ár. Með því nást þau markmið að auka rekstraröryggi kerfisins og bjóða fleiri viðskiptavinum möguleika á þriggja fasa rafmagni.

RARIK HF

Frumvarp um breytingu á RARIK í hlutafélag var lagt fram á Alþingi á haustdögum. Ekkert varð af afgreiðslu frumvarpsins á haustþingi, en í byrjun árs 2006 var frumvarpið tekið til meðferðar á Alþingi. Þann 3. apríl 2006 voru lög um breytingu á RARIK í hlutafélag samþykkt á Alþingi, eða réttum 60 árum eftir að lög um stofnun Rafmagnsveitna ríkisins voru samþykkt á Alþingi, þann 2. apríl 1946. Í nýju lögunum segir að iðnaðarráðherra skuli stofna hlutafélag um rekstur RARIK og leggja til þess allar eignir þeirra og skuldir, réttindi og skuldbindingar. Þá segir að hlutafélagið taki við einkarétti RARIK til starfrækslu dreifi- og/eða hitaveitna á orkuveitusvæði RARIK og að hlutafélagið yfirtaki allar virkjanir og þau réttindi og þær skyldur sem RARIK hafa vegna virkjanafamkvæmda og reksturs virkjana.

Samkvæmt lögunum verður hlutafélagið RARIK hf stofnað fyrir 15. júlí næstkomandi og mun hlutafélagið taka yfir alla starfsemi Rafmagnsveitna ríkisins frá og með 1. ágúst 2006. Þar með lýkur tæplega 60 ára sögu Rafmagnsveitna ríkisins, sem ríkisfyrirtækis, en við tekur hlutafélagið RARIK hf. Ekki verða umfangsmiklar breytingar á starfsemi RARIK við þessa formbreytingu. Hins vegar hafa ný raforkulög frá 2003 haft þau áhrif að einkaleyfisstarfssemi og samkeppnisstarfssemi hafa þegar verið aðskilin bókhaldslega, flutningsvirki RARIK hafa verið seld inn í Landsnet hf. og unnið er að því að



setja sölustarfsemi og orkuframleiðslu fyrirtækisins inn í sérstakt sölufyrirtæki. Þannig hefur fyrirtækið þegar aðlagð sig að miklu leyti að breyttu rekstrarumhverfi raforkumála. Sú breyting hefur þegar haft og mun áfram hafa mikil áhrif á starfsemi RARIK, sem í framhaldinu verður að stærstum hluta í einkaleyfisrekstri.

60 ÁRA MERK SAGA



Rafmagnsveitur ríkisins (RARIK) voru eins og áður segir stofnaðar með raforkulögum 2. apríl 1946, en lögin komu til framkvæmda 1. janúar 1947. Meginverkefni RARIK var að aflu almenningi og atvinnuvegum nægrar raforku á hagstæðan hátt. Á fyrstu árum RARIK var m.a. ráðist í gerð nokkurra virkjana og árið 1954 var lögfest svonefnd 10 ára rafvæðingaráætlun, sem fól í sér mikið átak í línulögnum um landið. Það var tími mikilla breytinga í sveitum landsins, en með átakanu tókst að rafvæða verulegan hluta landsins. Á áttunda áratugnum reistu RARIK tvær vatnsaflsvirkjanir, Lagarfossvirkjun og Mjólkársvirkjun II, sem báðar voru teknar í notkun 1975. Ennfremur tók fyrirtækið við rekstri Kröfluvirkjunar í ársbyrjun 1979 og sá um rekstur hennar allt til ársins 1985 að Landsvirkjun tók við rekstrinum.

Árið 1972 hófust framkvæmdir við fyrsti hluta í svonefndum byggðalínum. Með þeim var ætluin að hringtengja raforkukerfi landsins og samtengja þannig raforkukerfi einstakra landshluta. RARIK var falið þetta verkefni af Iðnaðarráðuneytinu og lauk því um miðjan níunda áratuginn.

Þegar Orkubú Vestfjarða var stofnað 1978 tók það við starfsemi RARIK á Vestfjörðum og um mitt ár 1985 keypti Hitaveita Suðurnesja flutningskerfi RARIK á Reykjanesi og þar með markað Varnarliðsins á Miðnesheiði.



Þessi skörð, sem höggvin voru í markaðinn, bætti RARIK sér að nokkru með kaupum á nokkrum rafveitum og hitaveitum. RARIK á og rekur nú dreifikerfi á 36 þéttbýlisstöðum. Unnið hefur verið jafnt og þétt að uppbyggingu dreifikerfa í sveitum en um 90% þeirra eru í umsjá RARIK. Miklu hefur verið áorkað í styrkingu stofnlína og nýjar línur lagðar með mikla flutningsgetu og auka þær verulega rekstaröryggi og möguleika byggðarlaga á nýtingu raforku. Í gjörbreyttu rekstrarumhverfi mun RARIK hf. á árinu 2006 taka við því mikilvæga hlutverki sem Rafmagnsveitur ríkisins hafa gegnt undanfarin 60 ár.

Tryggvi Þór Haraldsson rafmagnsveitustjóri



TEKJUR

- Smásala raforku
- Smásala á heitu vatni
- Aðrar tekjur





ÁRSFUNDUR 2005

Á ársfundi RARIK, sem haldinn var í Salnum í Kópavogi 20. maí 2005, var fjallað um rekstur fyrirtækisins á liðnu ári, stöðu þess og horfur til framtíðar. Á fundinum var ítarleg grein gerð fyrir afkomu ársins 2004 og helstu þáttum í starfsemi þess.

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra ávarpaði fundinn og ræddi um viðburðaríkt ár á sviði orkumála. Í ávarpi sínu lagði hún áherslu á að jákvæðar breytingar væru framundan í íslenskum orkumálum og bjart væri yfir að líta.


Sveinn Þórarinnsson stjórnarformaður gerði grein fyrir rekstri fyrirtækisins og framtíðarhorfum. Ennfremur lagði hann áherslu á að kostir nýju raforkulaganna væru ótvíræðir.

Tryggvi Þór Haraldsson rafmagnsveitustjóri flutti skýrslu um starfsemi liðins árs og rakti þær breytingar sem orðið hafa á raforkulögum og áhrif þeirra á starfsemi RARIK. Tryggvi fjallaði um skipulagsmál og framtíðarsýn RARIK og kom fram að stjórnvöld stefndu að sameiningu Landsvirkjunar, RARIK og Orkubús Vestfjarða í eina fyrirtækjasamstæðu. Tryggvi taldi að góð sátt væri meðal forráðamanna fyrirtækjanna um að fella fyrirtækin undir eina samstæðu en halda einkennum þeirra.

Að lokum hélt Guðmundur G. Þórarinnsson ljóðrænt og skemmtilegt erindi um Dettifoss í lífi þjóðar og bókmenntum.

Skipan stjórnar RARIK 2005-2006 var kynnt í lok fundar og helst hún óbreytt frá árinu á undan og er því þannig skipuð: Sveinn Þórarinnsson, formaður; Árni Johnsen, Benóný Arnórsson, Guðjón Guðmundsson, Ingibjörg Sigmundsdóttir, Stefán Guðmundsson og Sveinn Ingvarsson.

SKIPTING EIGNA



FJÁRMÁL

Starfsemi RARIK gekk vel á árinu. Afkoman var óvenju góð og mun betri en á undanförunum árum en hagnaður ársins nam 1.590 mkr. Skýringin er fólgin í aukningu annarra rekstrartekna en vegna orkusölu, en þær jukust um 1.100 mkr. milli ára. Þessar auknu rekstrartekjur eru tilkomnar að miklu leyti vegna söluhagnaðar sem myndaðist af mismun á bókfærðu og metnu verði flutningsvirkja sem lögð voru inn í flutningsfyrirtækið Landsnet hf. á árinu. Tekjur vegna orkusölu voru hins vegar nánast óbreyttar milli ára.

Rekstrartekjur á árinu námu 7.511 mkr. á móti 6.431 mkr. á árinu 2004 sem er 16,8% hækkun á milli ára. Rekstrargjöld lækkuðu hins vegar úr 4.924 mkr. á árinu 2004 í 4.828 mkr. Framlegð rekstrarins, það er rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og vexti, hækkaði úr 1.507 mkr. á árinu 2004 í 2.683 mkr. eða um 78% milli ára.

Afskriftir á árinu námu 930 mkr. sem er lækkun um tæp 13% frá fyrra ári en þá námu þær 1.067 mkr.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsgjöld nam 1.753 mkr. á árinu samanborið við 440 mkr. á árinu 2004. Hrein fjármagnsgjöld breyttust einnig á milli ára. Á árinu var fjárhæðin neikvæð um 163 mkr. samanborið við 32 mkr. jákvæða fjárhæð árið áður. Aukning hreinna fjármagnsgjalda milli ára er því 195 mkr. Skýring á þessu er hækkun á vöxtum erlendra lána og vísitölu neysluverðs.



Eigið fé nam 13.174 mkr. í árslok samkvæmt efnahagsreikningi og var eiginfjárlutfallið 69%. Heildareignir í árslok námu 19.115 mkr. á móti 15.770 mkr. í árslok 2004. Undir liðinn óefnislegar eignir flokkast keypt viðskiptavild, sem færð er til gjalda á tíu árum og langtímakostnaður, sem færður er til gjalda á fjórum árum. Bókfært verð þessa liðar var í árslok 267 mkr.

Bókfært verðmæti varanlegra rekstrarfjármuna í árslok nam 14.446 mkr. samanborið við 13.903 mkr. í árslok 2004. Bókfært verðmæti hækkar því um 543 mkr. sem greinist þannig að fjárfestingar námu 2.436 mkr. en á móti námu afskriftir og seldar og niðurlagðar eignir 1.893 mkr. Varanlegir rekstrarfjármunir eru langstærsti hluti eigna fyrirtækisins eða tæplega 76%.


Áhættufjármunir sem metnir eru á kostnaðarverði námu rúmum 1.430 mkr. í árslok sem er hækkun frá fyrra ári um 1.338 mkr. Þar af er hlutur í Landsneti hf. 1.329 mkr., sem er 24,15% eignarhlutur.

Veltufjármunir, en þeir eru efnisbirgðir, skammtímakröfur og handbært fé, námu samtals 2.972 mkr. í árslok sem er rúmlega 78% hækkun frá árinu áður en þá námu þeir 1.665 mkr.

Í árslok voru skammtímaskuldir 2.012 mkr. og hækkuðu um 263 mkr. á árinu. Veltufjárlutfallið í árslok var 1,48 samanborið við 0,95 í árslok 2004. Langtímaskuldir hækkuðu um 690 mkr. á árinu og námu 3.930 mkr. í árslok. Greiddar afborganir langtímaskulda námu 313 mkr. en önnur breyting skýrist af nýju skuldabréfaláni að upphæð 1.000 mkr. og gengisbreytingu gjaldmiðla.

ORKUNOTKUN 2005

eftir notkunarflokkum



ORKUNOTKUN 2005

eftir notkunarflokkum

	GWh	%
Heimili	241	26%
Iðnaður	271	29%
Landbúnaður	187	20%
Þjónusta	131	14%
Veitur	66	7%
Önnur notkun	39	4%
Samtals	935	100%



Bókfært eigið fé RARIK var 13.174 mkr. í árslok samanborið við 10.782 mkr. í árslok 2004. Eigið fé hækkaði því um 2.392 mkr. á árinu, sem skýrist af því að bakfærðar sérstakar afskriftir dreifiveitna frá fyrri árum samtals 1.012 mkr. bættust við eigið fé og einnig því að arður samkvæmt fjárlögum, sem kemur til lækkunar á eigin fé, nam 210 mkr. og dregst frá rekstrarhagnaði ársins.

MARKAÐSVÆÐING RAFORKUSÖLU

Þann 1. janúar 2005 urðu umtalsverðar breytingar á raforkuviðskiptum í kjölfar nýrra raforkulaga. Þær breytingar fólu meðal annars í sér að raforkunotendur, sem nota 100 kW afl eða meira, gátu valið sér raforkusala og var því samkeppni innleidd í þessum fyrrum einkaleyfisrekstri. Þessar breytingar mörkuðu fyrri áfanga í markaðsvæðingu raforkusölu á Íslandi.

RARIK setti á fót vinnuhóp sem fékk það verkefni að undirbúa starfsmenn og viðskiptavini fyrir þessi tímamót í sögu fyrirtækisins. Að ýmsu þurfti að huga í breyttu umhverfi og voru helstu verkefni hópsins að upplýsa starfsmenn og viðskiptavini um þær breytingar sem voru í vændum, endurskoða uppbyggingu verðskráa, söluskilmála og sölusamninga.

Loks var hannað líkan þar sem hægt er að stilla upp notkunarmynstri hvers viðskiptavinar og meta þau áhrif sem mismunandi notkun og samningar hefðu á verðtilboði.

Átaksverkefnið gekk mjög vel og var góður grunnur að því verkefni sem við blasir árið 2006, þegar síðari áfangi markaðsvæðingarinnar tekur gildi, með því að öll raforkusala er gefin frjál. Í nýju umhverfi geta allir

notendur raforku valið sér orkusala og samkeppni því að fullu komið á í þessum hluta orkunotkunar landsmanna.

Nýjum tímum fylgja nýjar áherslur og um mitt ár var hafinn undirbúningur að stofnun orkusöluþyrirtækis í eigu RARIK, Orkubús Vestfjarða og Landsvirkjunar, sem taka mun til starfa á árinu 2006.


ORKUVIÐSKIPTI

Með gildistöku nýrra raforkulaga í upphafi árs urðu mjög verulegar breytingar á öllu er lýtur að raforkuviðskiptum. Skýr greinarmunur er nú gerður á innkaupum og sölu raforku annars vegar og kaupum á flutningi raforkunnar um flutnings- og dreifikerfi landsins hins vegar.

Árið 2005 var fyrsta árið sem unnið var eftir nýju fyrirkomulagi við raforkuinnkaup og er þar tekið mið af hinni nýju skipan raforkumála.

ORKUNOTKUN 2005

eftir staðsetningu



ORKUNOTKUN 2005

eftir staðsetningu

	GWh	%
Vesturland	146	16%
Norðurland	231	25%
Austurland	347	37%
Suðurland	211	23%
Samtals	935	100%
Péttbýli	586	63%
Strjálbýli	349	37%
Samtals	935	100%

R/O VEITUR 2005

Raforkunotkun

	Uppsett afl kW	2004 Orka MWh	2005 Orka MWh	'04-'05 Aukn. %
Seyðisfjörður	5.000	22.989	24.734	7,6%
Höfn	6.000	14.429	13.822	-4,2%
Samtals		37.418	38.556	3,0%

R/O veitur eru kyndistöðvar fyrir hitaveitur sem nota rafmagn (R) (ótryggða orku) að mestu til að hita vatn og olíu (O) til vara.


Landsvirkjun lagði upp nýtt fyrirkomulag í raforkukaupum. Það gengur út á mislanga samninga um kaup forgangsortorku, frá eins og upp í tólf ára samninga, sem verðlagðir eru misjafnlega eftir tímalengd. Þá er gerð krafa um að í nóvember árið fyrir notkun sé gerð bindandi áætlun um skiptingu raforkunotkunar á ársfjórðunga og er einungis 5% yfirfærslumöguleiki á milli ársfjórðunga, en engin yfirfærsla möguleg á milli ára. Þetta er mjög bagalegt þar sem ekki er til þróaður markaður með raforku hér á landi og fyrirtækin eru bundin því að tryggja löngu fyrirfram það magn sem markaðurinn þarf á að halda.

Við síðustu áramót varð sú grundvallarbreyting að teknar voru upp rafmagnspantanir. Söluáðilar þurfa að leggja inn pantanir til að mæta áætlaðri raforkusölu, fyrir hvern klukkutíma næsta sólarhrings, og framleiðendur





FERILL ORKUNNAR



þurfa á sama hátt að leggja fram áætlanir um vinnsluna. Kerfisstjóri hjá hinu nýja fyrirtæki Landsneti sér um svokallaða jöfnunarárbyrgð, en í henni felst meðal annars að stilla saman framleiðslu og notkun. Fyrir frávík áætlananna frá rauntölum, jöfnunarorkuna, er síðan greitt gjald sem ræðst af tilboðum á jöfnunarorkumarkaði á hverjum tíma.

Orkuvinnslusvið RARIK sér um að panta inn raforku og jafnframt að stýra virkjunum RARIK. Keyptur var hugbúnaður frá Powel í Noregi til áætlanagerðar og var hann settur upp og tekinn í notkun á haustdögum. Samningur var gerður við Veðurstofuna um að útvega spágögn um veður á nokkrum stöðum. Raungögn eru lesin inn þegar þau liggja fyrir og með hjálp þeirra og notkunar sögu er síðan gerð spá fyrir næsta dag. Kerfið batnar þannig með tímanum og allt bendir til þess að

það verði öflugt hjálpartæki til að tryggja góðar spár til lengri tíma litið.

Vegna breytinga á lagaumhverfi þurfti að endurnýja alla eldri samninga við raforkuframleiðendur sem selja RARIK rafmagn til endursölu og lauk því verki á árinu.

Á árinu var forgangsorkusala RARIK meiri en áætlað var og var því mætt með skammtímakaupum, auk þess sem virkjanir RARIK framleiddu meira en áætlað var. Því kom ekki til þess að greitt væri fyrir ónotað rafmagn, en til þess gæti vel komið í árferði þar sem samdráttur í þjóðfélaginu og hagstætt veðurfar fara saman.

ORKUSALA OG DREIFING

Í upphafi ársins var raforkusala og raforkudreifing aðskilin á reikningum til viðskiptavina. Með því jókst umfang verulega í reikningsgerð. Svokallaðar netveitur (dreifihluti reiknings) og söluveitur (söluhluti reiknings) urðu til. Ný verðskrá tók gildi með sérstökum sölutöxtum og dreifitöxtum en áður var öll sala á sameiginlegum taxta. Í nýjum töxtum er ekki tekið tillit til notkunar rafmagnsins eins og í eldri töxtum þar sem sértaxtar voru til búrekstrar, vélanotkunar, rafhita og fleira. Mismunurinn í verðlagningu á raforku eftir eðli notkunar eða atvinnugreinum var þannig aflögð. Með tilkomu Landsnets lauk ennfremur þætti RARIK í heildsölu á rafmagni eftir áratuga sögu.

Í söluhlutanum varð sala til notenda með yfir 100 kW afli frjálst á árinu og frá 1. janúar 2006 er öllum raforkukaupendum heimilt að velja sér raforkusala. Varðandi dreifihlutann er einkaleyfi í gildi og verður áfram. Fyrir dreifinguna urðu til tvær verðskrár, önnur fyrir dreifibýli og hin fyrir þéttbýli.

ORKUFLÆÐI Í DREIFIKERFI RARIK 2005

Innmötun		GWh
Landsnet		910
- þar af ótryggð orka	153	
Virkjanir og varmaafli		91
- þar af virkjanir RARIK *)	72	
Samtals innmötun		1.001
Úttekt		GWh
RARIK		935
Dreifikerfi	926	
Stofnkerfi	9	
Töp í dreifikerfi RARIK		66
Samtals úttekt		1.001

*) Hluti eigin framleiðslu fer í gegnum Landsnet

ORKUVINNSLA 2005

Vatnsaflsstöðvar

	Uppsett afl kW	2004 Orkuvinnsla MWh	2005 Orkuvinnsla MWh	'04 - '05 Aukning vinnslu
Rjúkandavirkjun	840	8.269	8.142	-1,5%
Laxárvatnsvirkjun	480	2.766	3.103	12,2%
Gönguskarðsárvirkjun	1.064	8.042	8.623	7,2%
Skeiðsfossvirkjun	4.800	31.383	24.858	-20,8%
Garðsárvirkjun	174	1.016	1.308	28,7%
Lagarfossvirkjun	7.500	59.443	50.646	-14,8%
Fjarðarselsvirkjun	160	310	1.012	226,3%
Grímsárvirkjun	2.800	19.624	18.214	-7,2%
Smyrlabjargaárvirkjun	1.000	10.717	7.220	-32,6%
Alls	18.818	141.571	123.126	-13,0%

ATH* Fyrsta heila rekstrarár eftir lagfæringar

ORKUVINNSLA 2005

Varmaaflsstöðvar

	Uppsett afl kW	2004 Orkuvinnsla MWh	2005 Orkuvinnsla MWh	'04 - '05 Aukning vinnslu
Vesturland	6.318	67	220	227,1%
Norðurland vestra	4.510	70	19	-72,0%
Norðurland eystra	6.226	1.025	939	-8,4%
Austurland	17.284	469	269	-42,6%
Suðurland	2.362	58	39	-33,5%
Alls	36.700	1.689	1.486	-12,0%

Dagleg framleiðsla er í Grímsey, Grímsstöðum og Möðrudal. Aðrar vélar eru sem varaf.
Orkuvinnsla í Möðrudal og Grímsstöðum er að hluta áætluð.



Ólafsfjarðarlína við Dalvík



ORKUVINNSLA 2005

Hítaveitur - jarðhiti

	Uppsett afl kW	2004 Orkuvinnsla MWh	2005 Orkuvinnsla MWh	'04 - '05 Aukning vinnslu
Siglufirði	6.600	22.500	24.444	8,6%
Blönduós	8.155		25.833	
Dalabyggð	1.900	10.278	11.600	12,9%
Alls	16.655	32.778	61.878	88,8%

Leiðréttar tölur fyrir Dalabyggð frá 2004. Tölur fyrir Blönduós eru fyrir síðari hluta ársins 2005.

Á árinu var áfram unnið að því að koma upp og þróa orkuvíðskiptakerfi RARIK til að ráða við hinar fjölmörgu nýjungar sem eru komnar eða væntanlegar. Um sænskan hugbúnað er að ræða, svokölluð Lettera-kerfi, sem halda utan um allar mælingar og orkuvíðskipti RARIK og tengjast hinu nýja gagnavinnslufyrirtæki, Netorku hf., sem er sameiginlegt fyrirtæki orkufyrirtækjanna í landinu. Á árinu tók RARIK að sér reikningsgerð fyrir Rafveitu Reyðarfjarðar.

Vegna framangreindra breytinga er meðferð tölulegra upplýsinga mjög breytt frá fyrra ári. Með tilkomu samkeppni í orkusölu verða upplýsingar meira og minna bundnar við orkudreifinguna, en þar eru minnstar breytingar. Sundurliðun er önnur nú og því erfitt að bera saman á milli ára. Heildsalan er fallin út og orkunotkun um dreifikerfi RARIK minnkar að sama skapi. Smásala á árinu nam 888 GWh og að viðbætti sölu til kyndistöðva var orkusalan tæplega 926 GWh. Sambærileg stærð í dag er það sem kallast „úttekt“ af dreifikerfi, það er sú orka sem dreift er til víðskiptavina, en hún nam tæplega 935 GWh, þannig að ef horft er framhjá heildsölnunni sem féll niður, eykst sambærileg orkunotkun um 1% milli ára.

REKSTUR VIRKJANA

Reksturinn gekk í öllum meginatriðum vel. Orkuframleiðsla í virkjunum RARIK var 123,1 GWh sem er undir meðaltali árána 1994-2005. Þar munar mestu um minni framleiðslu í Lagarfossvirkjun vegna lélegs vatnsárs og stöðvun vélar vegna framkvæmda við stækkun virkjunarinnar. Aftur á móti var framleiðsla í Gönguskarðsárvirkjun, Garðsárvirkjun og Fjarðarselsvirkjun með meira móti.

Umfangsmikil upptekt og endurbætur voru gerðar á vélbúnaði Smyrlabjargaárvirkjunar af Vélsmiðjunni Foss ehf. á Höfn ásamt starfsmönnum RARIK á Hornafirði sem stóð frá 9. maí til 2. júlí. Hverfandi orkusölutap var vegna þessarar stöðvunar þar sem miðlunarlón virkjunarinnar náði ekki að fyllast meðan á viðgerð stóð.

Hverfill og kúluloki voru teknir upp og gert við steypuskemmdir og sprungur, smurólúkerfið endurnýjað að mestu kælar olúkerfis og rafala endurnýjaðir. Raflagnir í stöðinni svo og tilheyrandi töflur og rafbúnaður voru endurnýjuð.

Í upphafi ársins breyttist rekstrarumhverfi virkjana þannig að tryggja þarf sölu á allri raforkuvinnslu fyrirfram auk þess að hætt var að fylgjast með vinnslu virkjana og álagi í raforkukerfinu samfellt. Því eru virkjanir nú látnar keyra eftir fyrirfram ákveðinni vinnsluáætlun en ekki stýrt eftir sísmældum álagstoppi.

Framkvæmdum við stækkun og endurnýjun Lagarfossvirkjunar var haldið áfram undir stjórn Þróunarsviðs eins og áætlað var.

REKSTUR VARMAAFLSSTÖÐVA

Rekstur varmaafsstöðva gekk að mestu vel. Heildarvinnsla dísilvéla á árinu var 1.486 MWh, þar af er hluti vegna bilana eða vinnu í raforkukerfinu. Þó olli það vonbrigðum að nýjasta dísilvélin á Norðfirði hefur



reynst of hávær fyrir næsta nágrenni við rafstöðina svo heilbrigðiseftirlitið varð að skerast í leikinn og setti ákveðnar skorður við notkun hennar þar til úr yrði bætt. Verkfræðistofa Norðurlands var fengin til að finna lausn á vandanum.

Að ósk Veitusviðs var dísilstöð á Hvammstanga aflögð og vélin flutt til Víkur í Mýrdal til að leysa af hólmi ónýta vél þar og tryggja betur varafl í Vík. Einnig var dísilstöðin á Djúpavogi aflögð að ósk Veitusviðs þar sem ný aðveitustöð er komin í Teigarhorni og jarðstrengur auk loftlínu liggur þaðan til Djúpavogs.

Mestu framkvæmdir við dísilstöðvar voru vegna kaupa og uppsetningar á tveimur nýjum dísilvélum í Grímsey. Þær leystu af hólmi tvær 40 ára gamlar Caterpillar-vélar sem voru orðnar mjög slitnar. Kaup og uppsetning á vélunum voru boðin út og var samið við Sturlaug Jónsson & CO um kaup og uppsetningu á rafstöðvum frá Pramac. Undirverktaki við uppsetningu rafbúnaðar var Hafás ehf.

FRAMKVÆMDIR OG ÞRÓUNARVERKEFNI

Meginverkefni þróunarviðs voru umsjón með stærri framkvæmdum, rannsókn- og þróunarverkefnum og að annast fjargæslu-, fjarmæli- og fjarskiptakerfi RARIK ásamt því að vinna að öryggisstjórnun og öryggismálum.

Á árinu 2005 var lokið við byggingu nýrrar aðveitustöðvar á Selfossi fyrir Landsnet, Selfossveitur (Hitaveitu Suðurnesja) og veitusvið RARIK en hún var tekin í notkun í árslok 2004. Á Teigarhorni í Berufirði var sömuleiðis tekin í notkun ný aðveitustöð fyrir Landsnet og RARIK.

Stöðin kemur í stað bráðabirgðastöðvar frá árinu 1981 og með henni fæst aukið afhendingaröryggi. Allur búnaður í þessum nýju aðveitustöðvum er innandyra.

Þá var unnið að lagningu á 132 kV streng frá Hryggstekki í Skriðdal til Stuðla í Reyðarfirði fyrir Landsnet og var hann spennusettur í nóvember.

Á árinu 2005 var verkáætlanahugbúnaðurinn DMM uppfærður og jafnframt var unnið að þróun á rafrænni vinnslu skoðana og eftirlits. Það verk er unnið í samstarfi RARIK, LV, HS og OR og DMM-lausna ehf. í Keflavík.

Endurskrifað var öryggisstjórnunarkerfi fyrir afkomu- og þjónustusvið RARIK. Miklar breytingar eru að verða á þeim ytri kröfum sem gerðar eru til öryggis við vinnu og rekstur raforkudreifikerfa. Með nýjum kröfum um verktilhögun hafa verið gefnir út staðlar sem koma í stað reglugerðar um raforkuvirki, orðsendinga og annarra tilkynninga og tilmæla frá Neytendastofu. Vegna þessara breytinga eru skoðunarreglur Neytendastofu í endurskoðun.

Áfram var unnið að þróun á fjargæslu- og fjarmælikerfum RARIK og meðal annars komið á tengingu á milli stjórnstöðvar Landsnets og RARIK með það að markmiði að Landsnet geti orðið notandi að fjargæslukerfinu. Fjarmælikerfið var aðlagð og breytt til að sækja álestra og tímaraðir frá orkumælum í gagnagrunn með GSM gagnaflytningi. Fjargæslu- og fjarmælivefur var þróaður áfram og eru nú öll gögn fjargæslu- og fjarmælikerfanna aðgengileg.

Mælingar eru aðgengilegar á vef þar sem hægt er að skoða og bera saman allar mælingar raforkukerfisins





Framkvæmdir við stækkun á Lagarfossvirkjun

sem til eru í gagnagrunni. Útflutningur gagna yfir í önnur mælakerfi var uppfærður og endurbættur. Aðgangur viðskiptavina RARIK að mælingum var opnaður og margir þeirra fylgjast reglulega með raforkunotkun sinni á vefnum.

Unnið var í vinnuhópi á vegum Landsnets, RARIK og Landsvirkjunar að því að skilgreina og meta þarfir fyrir sameiginlegt „Öryggis- og hóp-fjarskiptakerfi.“ Gerð var útboðslýsing þar sem leitað verður tilboða í langdræga farstöðvaþjónustu á starfssvæðum fyrirtækjanna sem eru fyrst og fremst orkuver, flutnings- og dreifilínur og mannvirki tengd þeim. Fjarskiptaþjónustan þarf því að ná yfir stóran hluta landsins.

STÆKKUN LAGARFOSSVIRKJUNAR

Á undanförunum misserum hefur RARIK unnið að stækkun Lagarfossvirkjunar á Héraði og á árinu 2004 féllst Skipulagsstofnun á þá ósk RARIK að stækkun virkjunarinnar yrði undanþegin mati á umhverfisáhrifum. Framkvæmdin felur meðal annars í sér nýja aflvél með tilheyrandi búnaði, stækkun stöðvarhúss, dýpkun og breikkun aðrennslisskurðar. Í leiðinni er gangráður, segulmögnunarbúnaður svo og stjórn- og varnarbúnaður eldri vélar endurnýjaður.

Í september 2004 óskaði RARIK formlega eftir því við iðnaðarráðherra að fá virkjunarleyfi vegna stækkunar Lagarfossvirkjunar um allt að 20 MW með um 130 GWh orkuaukningu á ári. Virkjunarleyfið var gefið út af iðnaðarráðherra í janúar 2005. Í kjölfar þess sótti RARIK um byggingar- og framkvæmdaleyfi vegna

DREIFIKERFI 2005

Fjöldi heimtauga

	2004	2005
Vesturland	5.309	5.643
Norðurland	7.973	8.101
Austurland	5.045	5.206
Suðurland	7.521	8.060
Samtals	25.848	27.010

DREIFIKERFI 2005

Háspennukerfi í km

	2004	2005
Vesturland	1.958	1.975
Norðurland	2.788	2.835
Austurland	1.666	1.659
Suðurland	2.291	2.348
Samtals	8.703	8.817

DREIFIKERFI 2005

Fjöldi aðveitustöðva

	2004	2005
Vesturland	7	7
Norðurland	19	19
Austurland	14	14
Suðurland	12	12
Samtals	52	52

stækkunarinnar til Fljótsdalshéraðs og voru þau veitt á vormánuðum 2005.

Véla- og rafbúnaður var boðinn út í október 2004. Tilboð voru opnuð í desember og bárust tvö tilboð. Ákveðið var að ganga til samninga við Litostroj frá Slóveníu um kaup á hverfli og gangráði og Koncar frá Króatíu um kaup á rafala og segulmögnunarbúnaði og er samningsverð um 854 Mkr sem er um 91% af kostnaðaráætlun.

Útboð á byggingarhluta var auglýst um miðjan desember 2004 og voru tilboð opnuð um miðjan febrúar. Ákveðið var að ganga til samninga við Íslenska aðalverktaka hf. (ÍAV) sem áttu næst lægsta tilboðið þar eð lægstbjóðandi féll frá sínu tilboði. Samningsupphæð er um 838 Mkr sem er um 75% af kostnaðaráætlun.

Tilboð í lokur og ristar voru opnuð í maí og ákveðið að eiga viðskipti við Montavar Metalna Nova í Slóveníu en tilboð þeirra var upp á um 170 Mkr. Þá voru tilboð í stöðvarkrana opnuð í júní og samið við lægstbjóðanda sem er Munck Cranes frá Noregi með tilboð upp á um 18 Mkr.

Stjórn- og varnarbúnaður fyrir báðar vélarnar var pantaður frá Koncar í nóvember eftir útboð þar sem tilboð þeirra var 76 Mkr sem var tæplega 90% af áætlun. Framkvæmdir ÍAV hófust um miðjan apríl með uppgreftri og aðstöðusköpun. Um sumarið var grafið og sprengt fyrir sográs og stöðvarhúsi ásamt fyrir inntaki og

þrýstistokki. Þar sem grafa þurfti 13 m niður fyrir sjávarmál eða 16 -17 m undir yfirborð bakvatns eldri virkjunarinnar varð verktakinn að byggja mikinn vatnsvarnargarð til að halda Lagarfljóti frá grunninum. Ekki tókst þó betur til en svo að í flóðum um miðjan október lak stíflan það mikið að grunnurinn fylltist af vatni. Byrjað var að steypa í september og hefur sú vinna tafist og er nokkuð á eftir áætlun án þess að það þurfi að hafa áhrif á lúkningu verksins 2007.

ÁÐRAR FRAMKVÆMDIR

Á Brennimel var samið við Landsnet um breytt fyrirkomulag á afhendingu. Settur verður upp sérstakur aflspennir fyrir Hvalfjörð og Kjós í stað þess að nota 11 kV úttak á spennum Landsnets. Með þessu eru lagfærðar spennusveiflur sem voru á svæðinu.

Í aðveitustöðinni á Vegamótum var skipt út 19 kV aflrofum og bætt við einum rofa. Inn í þá stöð tengist nú ný 3,1 MW virkjun, Múlavirkjun, sem tekin var í notkun á árinu og er í eigu Múlavirkjunar ehf.

Á árinu var hafist handa við lagningu á 66 kV streng frá Dalvík til Ólafsfjarðar. Strengurinn verður lagður með Ólafsfjarðarvegi og um Múlagöng. Strengurinn leysir af hólmi háspennulínu sem liggur um Karlsárdal til Ólafsfjarðar. Línan var byggð 1980, en rekstur hennar hefur verið mjög erfiður vegna tíðra snjóflóða. Verklök eru áætluð 2006.



Loftmynd af vinnusvæðinu við Lagarfossvirkjun



DREIFIKERFI

Á Vesturlandi voru lagðar 334 heimtaugar, þar af 257 utan þéttbýlis, flestar vegna sumarhúsa.

Ný spennistöð við Digranesgötu í Borgarnesi var tekin í notkun og gengið frá nýrri spennistöð í Ólafsvík vegna nýrrar verksmiðju fiskvinnslufyrirtækisins Klumbu. Þá var unnið að breytingum og nýlögnum í dreifikerfi að Bifröst í Borgarfirði.

Lagðir voru 40 km af háspennustreng vegna sveitastyrkingar- og sumarhúsaverkefna. Teknir voru niður samtals 26 km af háspennulínunum. Lokið var við háspennustrengslögn frá Varmalandi að Bifröst, um 7 km, en 4 km af þessari leið voru í gegnum Grábrókarhraun. Þá var nýtt rofa- og spennistöðvarhús sett upp við Bifröst.

Lagður var 10 km háspennustrengur frá Felli að Sogni og að Hálslandi í Kjós, auk þess sem Kiðárvirkjun I og II í Húsafelli voru endanlega tengdar þriggja fasa dreifikerfi RARIK á árinu.

Rafvæðing nýrra sumarhúsa hverfa hófst í Skorradal, Svínadal, á Hellnum, við Hafnarfjall, í nýju hverfi í Húsafelli, í Leirársveit og í Kjós.

Framkvæmdir á Norðurlandi voru með mesta móti á árinu. Mikið var unnið að þrífösun og má þar helst telja að allt svæðið sunnan Þjóðveggarins í Fnjóskadal var strengvætt. Lokið var við að leggja jarðstrengi í stað loftlína í Grýtbakkahreppi norðan Laufáss og haldið var áfram verki í Blönduhlíð í Skagafirði. Í Vatnsdal var einnig hafist handa við þrífösun dreifikerfisins.

Í innanbæjarkerfum má helst nefna lagnir í nýjar götur á Sauðárkróki, á Hólum í Hjaltadal, á Hrafnagili og í Hrísey. Endurnýjuð var spennistöð á Hvammstanga, unnið að styrkingu háspennukerfis á Sauðárkróki ásamt endurnýjun og niðurfellingu spennistöðvar við Hvanneyrarbraut á Siglufirði.

Á Dalvík var sett upp ný spennistöð fyrir iðnaðarhverfi þar sem gætt hafði vandamála vegna spennufalls. Í Grímsey var lokið við endurbætur á háspennu- og lágspennukerfinu. Þar eru nú allar lagnir komnar í jörð og nýr búnaður kominn í dísilstöð.

Alls voru tæplega 60 km af háspennulínunum teknir niður á Norðurlandi á árinu og jarðstrengur settur í staðinn, auk nýlagna, eða samtals 104 km af háspennujarðstreng.

Á Austurlandi var áfram töluverð uppbygging á Héraði og Fjarðabyggð vegna álversins á Reyðarfirði. Á Eskifirði voru lagðir stofnstrengir, heimtaugar og götulyking í nýtt 56 íbúða hverfi, á Egilsstöðum voru lagðir stofnstrengir, heimtaugar og götulyking í ný hverfi, við Votahvamm, alls 30 heimtaugar og í 59 íbúða hverfi við Selskóga auk 3ja 22 íbúða blokka við Kaupvang.

Í Eiðabinghá var meðal annars lagður 11 km háspennustrengur um sveitina frá aðveitustöð við Eyvindará að



Eiðum. Einnig var lagður 7 km strengur að Fljótsbakka og Tókastöðum. Settar upp og tengdar 9 spennistöðvar ásamt heimtaugum. Lagðir stofnstrengir og 13 heimtaugar í sumarhúsa hverfi í Stafafellsfjöllum og lokið við að leggja háspennustreng í Þinganeslandi og í gegnum jarðgöng undir Almannaskarð, ásamt tengingu á spennistöð í göngunum.

Mikil uppbygging var á Suðurlandi bæði í þéttbýli og dreifbýli. Lagðar voru alls 539 heimtaugar þar af 105 í þéttbýli og 358 í dreifbýli sem að mestu leyti voru heimtaugar fyrir sumarhús. Víða í Árnessýslu var um að ræða rafvæðingu nýrra sumarhúsa hverfa auk þess að eitthvað var um þéttingu og viðbætur í eldri hverfum. Endurnýjun og þrífösun á einfasa loftlínukerfum í dreifbýli með strenglögnum var mun meiri en að undanfögnu eða um 77 km. Á móti voru teknar niður um 46 km af einfasa háspennuloftlínunum. Lagðir voru um 22 km af háspennustrengjum vegna aukningar á sumarhúsa byggð og vegna einstakra heimtauga í dreifbýli.

Stærsta einstaka framkvæmdin var lagning 15 km háspennustrengs frá Nesjavöllum í Ljósafoss til að fækka úttekstarstöðum frá meginflutningskerfinu, en með framkvæmdinni var úttak við Nesjavelli lagt af. Rekstur dreifikerfisins á Suðurlandi var með eðlilegum hætti og engin stór áföll.

HITAVEITUR

Þann 1. júlí keypti RARIK Hitaveitu Blönduóss. Orkuframleiðsla frá Reykjum í Húnavatnshreppi er 138 TJ eða 850 þúsund rúmmetrar á ári og tengdir mælar eru 487 talsins. Hitaveitur RARIK eru þar með orðnar 5 talsins; á Seyðisfirði, Höfn í Hornafirði, Siglufirði, í Dalabyggð og á Blönduósi.



Fyrirhuguð er þátttaka RARIK í jarðhitaleitarverkefnum í samvinnu við sveitarfélög víða um landið. Helstu verkefni eru jarðhitaleit við Djúpvog, Fáskrúðsfjörð, Skaftafell, Lýsuhól, í Snæfellsbæ, Lauga í Sælingsdal og í Grímsey. Einnig er í athugun að leggja hitaveitu til Skagastrandar frá Reykjum í Húnavatnshreppi, alls um 33 km flutningsleið með viðkomu á Blönduósi. Þá er leitað að heitu vatni við Hoffell fyrir Höfn í Hornafirði, en sú leit hefur tafist vegna vöntunar á bortækjum.

Aukning hefur orðið í vatnssölu í Dalabyggð vegna nýbygginga við Fellsenda og íbúðarhúsa í Búðardal. Auk þess hefur verið óskað eftir upphitun knattspyrnuvallar í Búðardal. Fyrirhuguð er að auka vinnslugetu hitaveitunnar með borunum eða dælingu úr borholum en sjálfrennandi er úr tveimur holum í Reykjadal í dag.

HITAVEITUR 2005

Orkunotkun

	Vatnsmagn m ³	Hiti °C	Orka MWh
Dalabyggð	246.675	62	9.180
Siglufjörður	516.444	66	21.622
Blönduós	334.798	59	11.292
R/O- veitur	732.653	77	31.720
Samtals	1.830.570		73.815

Orka er áætluð miðað við 30°C meðalbakrásarhita í jarðhita, en 40°C hjá R/O veitum. Hitastig í töflunni sýnir meðalhita við húsvegg. (Hitafall í kaloríum umbreytt í orku). Í R/O veitum er orka mæld að mestu.

UPPLÝSINGATÆKNI

Viðamesta verkefni RARIK í upplýsingatæknimálum á árinu voru kaup á nýjum upplýsingakerfum. Var verkið unnið í samvinnu við ráðgjafa IMG og boðið út af Ríkiskaupum á Evrópska efnahagssvæðinu. Niðurstaða útboðsins leiddi til samninga við Ax hugbúnaðarhús um kaup á Microsoft Dynamics Ax. Unnið var eftir nákvæmri verkáætlun þar sem verkinu var skipt upp í áfanga.

Meginmarkmið RARIK var að taka upp staðlaða hugbúnaðarlausn til að lágmarka kostnað og einfalda viðhald kerfisins. Innleiðing verkefnisins hófst um miðjan ágúst og voru faghópar skipaðir til að vinna að einstökum þáttum þess. Með skipulagi verkefnisins tókst að tryggja framvindi verksins og að áætlanir stæðust. Skipulögð voru, í samstarfi við hugbúnaðarfyrirtækið Fugla, tugir námskeiða fyrir starfsmenn RARIK sem haldin voru á Akureyri, Egilsstöðum og Reykjavík. Fyrsti áfangi verksins var tekinn í notkun um áramót. Áætlanir fyrsta áfanga verksins stóðust, bæði hvað varðar tíma og kostnað.

Með nýju kerfi mun RARIK eiga auðveldara með að takast á við breyttar aðstæður á raforkumarkaði ásamt því að gefa stjórnendum nákvæmari innsýn í reksturinn.

Á árinu var áfram unnið að framþróun hugbúnaðarkerfa sem halda utan um skráningu á upplýsingatæknibúnaði

RARIK. Haldið er sérstaklega utan um skráningar á búnaði fyrirtækisins eins og tölvur, síma, prentara og hugbúnað. Með hugbúnaðinum fæst glegggra yfirlit yfir upplýsingatæknibúnað fyrirtækisins og auðveldar hann kostnaðargreiningu vegna upplýsingatæknimála.

Stækkun Lagarfossvirkjunar hefur haft í för með sér mikla fjölgun skjala þar sem öll skjöl og teikningar varðandi byggingu virkjunarinnar eru færð skipulega inn í skjalastjórnunarkerfið Hilmi. Haldið var áfram skráningu samninga RARIK og er því verki að mestu lokið. Gerð var vefkönnun um notkun kerfisins og niðurstöður hennar leiddu í ljós að miðlun og skráning upplýsinga hefur batnað innan fyrirtækisins. Þau gögn sem komu úr könnuninni voru síðan notuð til að betrubæta kennslu og þjónustu við skjalakerfið.

Fyrirtækið á fjölda rafræna mynda af mannvirkjum sínum og hafa þær verið geymdar á ýmsum netkerfum eða á pappír. Til að auðvelda utanumhald og aðgengi að þeim var ákveðið að kaupa rafrænt myndakerfi þar sem hægt er að skrá og vista myndirnar inn í miðlægt leitarkerfi. Fyrir valinu varð Photo Library frá Emajo en það er hluti af Affino vefkerfinu sem notað er hjá RARIK.

KYNNINGARMÁL

Eitt stærsta viðfangsefnið í kynningarmálum á árinu var átak í að efla innri vef RARIK og gera hann að öfluglu samskiptatæki starfsmanna. Þá voru gerðar nokkrar lagfæringar á ytri vef.

Fyrirtækið var gert meira áberandi með auglýsingum á árinu en oft áður og RARIK tók þátt í nokkrum sýningum og kynningum. Má þar nefna Framadaga í Háskólanum, Sumarsýninguna í Fífunni ásamt Vorboðanum í Smáralind. Þá tók RARIK þátt í sýningunni Norðurland 2005 á Akureyri.





Frá Stykkishólmi

FÉLAGS- OG STARFSMANNAMÁL

Félagstarf blómstraði sem fyrr hjá starfsfólki RARIK á árinu, þrátt fyrir óvissutíma vegna nýrra raforkulaga og skipulagsmála. Starfsmannaráð fylgdist grannt með þeim málum. Golfmót voru haldin, hangikjötsskemmtun og önnur mannamót stytta mönnum stundir og starfsmenn af Suður- og Vesturlandi, ásamt Reykvíkingum, brugðu sér á árshátíð í Stykkishólmi þetta árið.

Í árslok voru starfsmenn RARIK 216 talsins og fjölgaði um tvo frá fyrra ári. Langflestir eru í fullu starfi, því stöðugildi í árslok voru litlu færri eða 213. Fjöldi í árslok segir þó ekki alla sögu því ársverk reyndust færri en á fyrra ári. Annars hefur starfsmönnum fækkað jafnt og þétt síðustu áratugi og ef lítið er 10 ár til baka má sjá að mest fækkun hefur orðið í Reykjavík, eða um 30%, en á landsbyggðinni nemur fækkunin um 19%. Alls hefur starfsmönnum fækkað um 58 frá 1995 eða um 22%.


STARFSMENN 2005

Ársverk og fjöldi í árslok

Starfsmenn í árslok	214	216
<i>Skrifstofa rafmagnsveitustjóra og stoðsvið</i>	59	61
<i>Orkuvinnslu- og sölusvið</i>	10	13
<i>Veitusvið</i>	44	46
<i>Rekstrar- og þjónustusvið</i>	101	96

Stöðugildi í árslok	211	213
Ársverk	222	217

STARFSMENN RARIK 1995-2005





EFNISYFIRLIT

Staðfesting ársreiknings	22
Áritun endurskoðanda	22
Rekstrarreikningur	23
Efnahagsreikningur	25
Sjóðstreymi	26
Skýringar	27



STAÐFESTING ÁRSREIKNINGS

Ársreikningur Rafmagnsveitna ríkisins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur Rafmagnsveitnanna 7.511 millj. kr. á árinu 2005. Hagnaður ársins var 1.590 millj. kr. sem er rúmlega 1.100 millj. kr. betri afkoma en á fyrra ári. Meginskýringin er söluhagnaður að fjárhæð 748,3 millj. kr. vegna þeirra flutningseigna sem Rarik lagði til Landsnets hf. í lok ársins. Sú breyting varð á árinu 2005 að hætt var að beita sérstakri afskrift vegna dreifiveitna en afskriftin nam 142 millj. kr. á árinu 2004. Þá voru framkvæmdir miklum mun meiri á árinu 2005 en á árinu 2004 og vinnuframlag starfsmanna meira bundið við fjárfestingar en á fyrra ári.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir Rafmagnsveitnanna 19.115 millj. kr. í árslok. Eigið fé í árslok nam 13.174 millj. kr. Eiginfjárlutfall er 69%.

Arðgreiðsla til ríkissjóðs á árinu 2005 nam 210 millj. kr.

Rafmagnsveitustjóri staðfestir hér með ársreikning veitnanna fyrir árið 2005 með undirritun sinni.

Reykjavík, 31. mars 2006

Tryggvi Þór Haraldsson
rafmagnsveitustjóri.

ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar Rafmagnsveitna ríkisins:

Við höfum endurskoðað ársreikning Rafmagnsveitna ríkisins fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 20. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum Rafmagnsveitnanna og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt henni ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Rafmagnsveitnanna á árinu 2005, efnahag 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun,
31. mars 2006

Sigurður Þórðarson
ríkisendurskoðandi.



	Skýr.	2005	2004
Rekstrartekjur			
Orkusala	19	5.831.968	5.854.949
Aðrar rekstrartekjur	9	1.679.297	575.972
Rekstrartekjur		<u>7.511.265</u>	<u>6.430.921</u>
Rekstrargjöld			
Orkuöflun	20	3.529.855	3.393.292
Orkuflutningur		139.591	113.050
Orkudreifing		499.883	373.102
Orkuafhending		468.781	348.514
Sameiginlegur kostnaður		190.223	696.266
Rekstrargjöld		<u>4.828.333</u>	<u>4.924.224</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir		2.682.932	1.506.697
Afskriftir	6, 14	<u>929.947</u>	<u>1.067.075</u>
Rekstrarhagnaður án fjármagnsgjalda		1.752.985	439.622
Hrein fjármagnsgjöld	11	<u>(163.110)</u>	<u>32.329</u>
Hagnaður ársins		<u><u>1.589.875</u></u>	<u><u>471.951</u></u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna



Eignir	Skýr.	31.12.2005	31.12.2004
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir			
Viðskiptavild, langtímakostnaður	4, 13	266.898	110.191
		<u>266.898</u>	<u>110.191</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Virkjanir	14	2.078.832	1.726.502
Dísilstöðvar		149.070	144.573
Fjarvarmaveitur		64.006	67.262
Aðalorkuveitur		2.016.650	3.955.317
Dreifiveitur		9.168.430	7.007.889
		<u>11.398.156</u>	<u>11.175.041</u>
Aðrir rekstrarfjármunir:			
Fasteignir og lóðir		766.103	781.970
Áhöld og tæki		72.073	86.864
Bifreiðar og vinnuvélar		131.149	133.021
		<u>969.325</u>	<u>1.001.855</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir	14	<u>14.446.313</u>	<u>13.903.398</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur			
Eignarhlutar í félögum	15	1.430.472	91.927
Fastafjármunir		<u>16.143.683</u>	<u>14.105.516</u>
Veltufjármunir			
Birgðir			
Efnis- og rekstrarvöurbirgðir	7	463.814	500.625
Skammtímakröfur			
Orku kaupendur		698.208	828.795
Aðrar skammtímakröfur		1.805.865	289.584
		<u>2.504.073</u>	<u>1.118.379</u>
Handbært fé		3.624	45.571
Veltufjármunir		<u>2.971.511</u>	<u>1.664.575</u>
Eignir alls		<u>19.115.194</u>	<u>15.770.091</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna



	Skýr.	31.12.2005	31.12.2004
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Stofnframlag		2.082.570	2.082.570
Varasjóður		312.036	312.036
Óráðstafað eigið fé		10.779.231	8.387.286
Eigið fé	15	<u>13.173.837</u>	<u>10.781.892</u>
Skuldir			
Langtímalán			
Skuldabréfalán	17	<u>3.929.737</u>	<u>3.239.554</u>
Skammtímaskuldir			
Skuld við lánastofnanir		628.786	597.731
Viðskiptaskuldir		915.007	677.207
Næsta árs afborganir langtímaskulda	17	287.042	321.223
Aðrar skammtímaskuldir		180.785	152.484
Skammtímaskuldir		<u>2.011.620</u>	<u>1.748.645</u>
Skuldir		<u>5.941.357</u>	<u>4.988.199</u>
Skuldir og eigið fé alls		<u>19.115.194</u>	<u>15.770.091</u>



	Skýr.	2005	2004
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) ársins		1.589.875	471.951
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir og gjaldfærsla óefnislegra eigna	14	929.947	1.067.075
Verðb. og gengism. af langt.skuldum og -kröfum		(31.418)	(158.921)
Söluhagnaður eigna		(808.031)	(370)
Veltufé frá rekstri		<u>1.680.373</u>	<u>1.379.735</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:		(1.051.725)	402.033
Handbært fé frá rekstri		<u>628.648</u>	<u>1.781.768</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum:			
Virkjanir		(435.955)	(57.688)
Fjarvarmaveitur.....		(10.220)	(573)
Aðalorkuveitur		(196.275)	(290.776)
Dreifiveitur		(1.847.605)	(842.662)
Fasteignir og lóðir		(66)	(123)
Áhöld, bifreiðar og vinnuvélar		(43.390)	(39.527)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....		2.724.041	7.675
Eignarhlutir.....		(1.338.544)	(2.186)
Fjárfestingahreyfingar		<u>(1.148.014)</u>	<u>(1.225.860)</u>
Fjármögnunarhreyfingar:			
Arður til ríkissjóðs	16	(210.000)	(217.000)
Tekin ný langtímalán	17	1.000.000	0
Greiddar afborganir langtímalána		(312.581)	(307.747)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>477.419</u>	<u>(524.747)</u>
Breyting á handbæru fé		(41.947)	31.161
Handbært fé í ársbyrjun		<u>45.571</u>	<u>14.410</u>
Handbært fé í lok ársins		<u>3.624</u>	<u>45.571</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

**Reikningsskilaaðferðir****Grundvöllur reikningsskila**

1. Ársreikningur Rafmagnsveitna ríkisins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Erlendir gjaldmiðlar, verðtrygging

2. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í lok ársins og verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölu sem tók gildi 1. janúar 2006.

Skammtímakröfur

3. Skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir starfseminni. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður afskriftasjóður til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

Óefnislegar eignir

4. Óefnislegar eignir samanstanda af keyptri viðskiptavild sem er færð til gjalda á tíu árum og langtímakostnaði sem færður er til gjalda á fjórum árum.

Áhættufé í öðrum félögum

5. Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði. Myndaður er afskriftasjóður vegna áhættufjármuna og er hann dreginn frá eignfærðum áhættufjármunum í efnahagsreikningi.

Varanlegir rekstrarfjármunir

6. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan endingartíma eignanna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður endingartími greinist þannig:

Virkjanir	40 ár
Veitukerfi	15 - 30 ár
Aðrir rekstrarfjármunir	5 - 50 ár

Birgðir

7. Efnisbirgðir eru metnar á innkaupsverði.

Handbært fé

8. Til handbærs fjár teljast óbundnar innistæður á bankareikningum.

**9. Aðrar rekstrartekjur**

Aðrar rekstrartekjur voru mun hærri á árinu 2005 en á árinu 2004. Í árslok 2005 lagði Rarik fram rekstrarfjármuni, stofnlínur og hluta aðveitustöðva til Landsnets hf. Samkvæmt mati óvilhallra aðila voru þessar flutningseignir metnar á 2.653,5 millj. kr. Bókfært verð eignanna var 1.905,2 millj. kr. og söluhagnaður 748,3 millj. kr. Landsnet hf. hóf starfsemi í ársbyrjun 2005 og leigði flutningseignir af Rarik á árinu 2005. Auk þess sá Rarik um viðhald og rekstur flutningseigna fyrir Landsnet hf. á árinu 2005.

	2005	2004
Tengigjöld	388.163	310.277
Framlag ríkissjóðs	147.000	153.000
Leigugjald vegna leigu flutningseigna	179.555	0
Samningur um viðhald og rekstur flutningseigna	138.348	0
Söluhagnaður vegna flutningseigna sem gengu til Landsnets hf.	748.263	0
Ýmsar rekstrartekjur	77.968	112.695
	1.679.297	575.972

Starfsmannamál**10. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:**

Laun	1.114.969	1.004.386
Launatengd gjöld	176.509	141.814
Áunnið orlof, breyting	26.139	2.927
	1.317.617	1.149.127
Lífeyrisskuldbinding	34.324	33.293
Laun og launatengd gjöld samtals	1.351.941	1.182.420

Laun vegna rekstrar námu 869 millj. kr. og vegna nýframkvæmda sem eru færðar til eignar í efna-hagsreikningi 246 millj. kr. Ársverk voru 217 en voru 224 á fyrra ári. Laun stjórnar og framkvæmdastjórnar námu 48,7 millj. kr., þar af til forstjóra 11,9 millj. kr. og til stjórnar 3,7 millj. kr. Laun stjórnarformanns voru tvöföld laun stjórnarmanna.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld**11. Hrein fjármagnsgjöld greinast þannig:**

Vaxtatekjur og verðbætur	35.727	24.565
Vaxtagjöld og verðbætur	(201.088)	(212.036)
Gengismunur	2.251	219.800
	(163.110)	32.329

12. Afskriftasjóður

Afskriftasjóður frá fyrra ári	60.350	54.012
Afskrifaðar tapaðar kröfur á árinu	(29.929)	(50.151)
Framlag í afskriftasjóð, gjaldfært á árinu	29.929	56.489
	60.350	60.350

13. Óefnislegar eignir

	Viðskiptavild	Langtíma- kostnaður	Samtals
Bókfært verð í ársbyrjun	106.691	3.500	110.191
Viðbætur á árinu	187.130		187.130
Afskrifað á árinu	(26.923)	(3.500)	0
	266.898	0	266.898



14. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, bókfært verð þeirra og afskriftir greinast þannig:

	Virkjanir	Veitukerfi	Aðrir rekstrarfjármunir	Samtals
Heildarverð 1.1.2005	6.657.939	31.608.531	2.486.874	40.753.344
Viðbót á árinu	435.956	1.846.422	64.003	2.346.381
Bakfærð sérstök afskrift		1.313.230		1.313.230
Selt og niðurlagt á árinu		(6.591.972)	(69.260)	(6.661.232)
Heildarverð 31.12.2005	<u>7.093.895</u>	<u>28.176.211</u>	<u>2.481.617</u>	<u>37.751.723</u>
Afskrifað áður	4.931.437	20.433.490	1.485.019	26.849.946
Afskrifað á árinu	83.626	701.408	83.307	868.341
Bakfærð sérstök afskrift		301.160	301.160	
Afskrift færð út		(4.658.004)	(56.035)	(4.714.039)
Afskrifað samtals	<u>5.015.063</u>	<u>16.778.054</u>	<u>1.512.291</u>	<u>23.305.408</u>
Bókfært verð 31.12.2005	<u>2.078.832</u>	<u>11.398.157</u>	<u>969.326</u>	<u>14.446.315</u>
Afskriftahlutföll	2,5%	3,3 - 6,7%	2-20%	

Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	868.341
Niðurlagðar eignir	31.183
Afskriftir óefnislegra eigna, sbr. skýr. 12	30.423
Fært í rekstrarreikning sem afskriftir	<u>929.947</u>

Auk almennra afskrifta hafa dreifiveitur Rarik verið afskrifaðar sérstakri afskrift á undanförunum árum sem hefur verið ráðstöfun á framlagi ríkisins til sveitarafveitna. Þetta fyrirkomulag hefur nú verið aflagt og var sérstakri afskrift vegna dreifiveitna síðast beitt á árinu 2004. Á árinu 2005 er þessi sérstaka afskrift í heild bakfærð.

15. Áhættufé í félögum

Hlutfjárhækkun var hjá Landsneti hf. í árslok 2005. Rarik greiddi fyrir hækkun á sinni hlutfjáreign með því að leggja fram til Landsnets hf. varanlega rekstrarfjármuni. Bókfært verð hlutabréfa Rarik hækkaði úr 2,3 millj.kr. í 1.328.9 millj. kr. Eignarhluti Rarik í Landsneti hf. er nú 24,5% en var 22,8% í lok fyrra árs.

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	Eignarhluti	Bókfært verð
Héraðsvötn ehf.	50,0%	30.000
Sunnlensk orka ehf.	90,0%	72.000
Íslensk orka ehf.	2,3%	3.028
Netorka hf.	16,0%	21.676
DMM lausnir ehf.	4,1%	5.500
Sjávarorka ehf.	16,7%	1.000
Fossorka ehf.	20,0%	700
Húnaþing hf.	0,9%	1.200
Landsnet hf.	24,2%	<u>1.328.910</u>
	Samtals	1.464.014
Afskriftasjóður áhættufjármuna		<u>(33.543)</u>
		<u>1.430.471</u>



Eigið fé

16. Yfirlit um eiginfjárreikninga

	Stofnframlag	Varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1/1 2005	2.082.570	312.036	8.387.286	10.781.892
Arður til ríkissjóðs, sbr. skýr. 18	0	0	(210.000)	(210.000)
Hagnaður skv. Rekstrarreikningi	0	0	1.589.875	1.589.875
Bakf.sérstakar afskr.dreifiveitna			1.012.070	1.012.070
Eigið fé 31.12.2005	<u>2.082.570</u>	<u>312.036</u>	<u>10.779.231</u>	<u>13.173.837</u>

Langtímaskuldir

17 Yfirlit um langtímaskuldir og vaxtakjör

	Vextir	Eftirstöðvar
Skuldir í íslenskum krónum		
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	5%	1.539.773
Skuldabréfaútböð	4%	<u>1.023.438</u>
Samtals		<u>2.563.211</u>

Skuldir í erlendum gjaldmiðlum

NIB Lán í Eur	2,34%	568.516
NIB Lán í Eur	2,41%	15.652
NIB Lán í Eur	2,77%	45.991
NIB Lán í Eur	2,43%	426.212
NIB Lán í JPY	0,23%	8.854
NIB Lán í USD	4,75%	5.845
NIB Lán í USD	4,28%	62.647
NIB Lán í USD	4,06%	142.467
NIB Lán í USD	4,54%	<u>377.384</u>
Samtals		<u>1.653.568</u>

Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir.....	4.216.779
Næsta árs afborganir.....	<u>(287.042)</u>
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals	<u>3.929.737</u>

Framangreind vaxtahlutföll eru í samræmi við gildandi vaxtakjör lána í árslok 2005 en vaxtakjör skulda í erlendum gjaldmiðlum breytast miðað við breytingar á markaðsvöxtum á erlendum lánamörkuðum.

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár:

Afborganir 2006	287.042
Afborganir 2007	289.796
Afborganir 2008	262.339
Afborganir 2009	265.380
Afborganir 2010	268.574
Síðar	<u>2.843.648</u>
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	<u>4.216.779</u>



18. Fjárlög ársins 2005 gera ráð fyrir að Rafmagnsveitur ríkisins greiði 210 millj. kr. í arð til ríkissjóðs og var arðgreiðslan færð til lækkunar á eigin fé fyrirtækisins. Á árinu 2005 námu framlög ríkissjóðs til Rafmagnsveitnanna 147 millj. kr. Mismuninn 63 millj. kr. greiddu Rafmagnsveiturnar til ríkissjóðs.

Sundurliðanir

19. Sala á orku nam 5.832 millj. kr. á árinu 2005 og hefur þá verið áætlað fyrir óreikningsfærðri sölu vegna orkuviðskipta á tímabilinu frá síðustu reikningsútskrift og til ársloka. Orkusalan greinist þannig:

	2005	2004
Orkusala	4.915.126	5.160.793
Niðurgreiðslur	585.854	492.935
Framlag ríkisins til jöfnunar á dreifingarkostnaði rafmagns	206.118	0
Áætl. óreikn. f. orkusölu í árslok, breyting	(125.627)	1.743
	<u>5.581.471</u>	<u>5.655.471</u>
Heitavatnssala til notenda	214.607	168.359
Niðurgreiðslur	35.890	31.119
	<u>250.497</u>	<u>199.478</u>
Orkusala samtals	<u>5.831.968</u>	<u>5.854.949</u>

20. Kostnaður við orkuöflun greinist þannig:

	2005	2004
Landsvirkjun	3.228.703	3.008.575
Andakílvirkjun	0	130.195
Sleitustaðavirkjun	2.685	3.010
Aðrar virkjanir	37.401	11.834
Varaaflossala	0	3.739
	<u>3.268.789</u>	<u>3.157.353</u>
Eigin vatnsorkuver	135.079	109.982
Eigin dísilrafstöðvar	60.527	47.224
Eigin kyndistöðvar	27.426	54.194
Eigin borholur	13.810	7.602
Rekstur stjórnstöðvar	24.224	16.937
	<u>261.066</u>	<u>235.939</u>
Kostnaður af orkuöflun samtals	<u>3.529.855</u>	<u>3.393.292</u>

Kennitölur

	2005	2004
Veltufjárhlutfall		
Veltufjármunir/skammtímaskuldir	1,48	0,95
Eiginfjárhlutfall		
Eigið fé/heildarfjármagn.....	0,69	0,68

**Fimm árayfirlit í millj.kr.**

- á verðlagi hvers árs

	2005	2004	2003	2002	2001
Rekstur					
Rekstrartekjur	7.511,3	6.430,9	5.918,3	5.817,8	5.366,4
Rekstrargjöld án afskrifta	4.828,3	4.924,2	4.753,4	4.637,9	4.355,3
Rekstrarhagnaður án afskrifta	2.682,9	1.506,7	1.164,9	1.179,9	1.011,1
Afskriftir	929,9	1.067,0	1.086,4	1.156,1	1.053,1
Rekstrarhagn.(tap) án fjármagnsliða	1.753,0	439,7	78,5	23,7	(42,0)
Hrein fjármagnsgjöld	(163,1)	32,3	(192,5)	85,8	(337,7)
Hagnaður (tap) ársins	1.589,9	472,0	(114,1)	109,5	(379,7)
Efnahagur					
Fastafjármunir	16.143,7	14.105,5	13.946,3	13.843,6	14.072,4
Veltufjármunir	2.971,5	1.664,6	1.581,9	1.500,0	1.470,9
Eignir alls	19.115,2	15.770,1	15.528,2	15.343,6	15.543,3
Eigið fé	13.173,8	10.781,9	10.526,9	10.860,0	10.964,4
Langtímaskuldir:	3.929,8	3.239,6	3.716,4	3.479,0	3.068,4
Skammtímaskuldir:	2.011,6	1.748,6	1.284,9	1.004,6	1.510,5
Skuldir og eigið fé alls	19.115,2	15.770,1	15.528,2	15.343,6	15.543,3

Fjárhæðir eru í þúsundum króna



THE COMPANY

RARIK was founded in 1947. Its function and main responsibility through the years has been the electrification of most parts of Iceland, particularly the rural areas. The main task being to procure, distribute and sell electricity in its operating area and thus promote and create added value to its customers. The Company played the principal role in the electrification of Iceland's rural areas and provided electricity via the grid system to approximately 40 population centres around Iceland. Its distribution network covers about 80-90% of inhabited areas of Iceland and serves approximately 17% of the population. RARIK not only owns a number of hydroelectric power plants but purchases electric energy from other sources as well. In addition, RARIK owns and operates five hot-water supply companies, namely three geothermal hot-water suppliers and two district heating suppliers. The number of RARIK employees at the end of 2005 was 216.

At the beginning of 2005, a number of significant changes took place in the sale of electric energy following passage of a new Icelandic electric energy act. Amongst other things, these changes meant that consumers using more than 100 kW were for the first time able to choose a supplier, and thereby competition was initiated in the field of electricity sales in Iceland. These changes denoted a first step in marketing electric energy in Iceland, while the second step in this direction was taken at the turn of 2005-2006 when all trade in electric energy became unrestricted.

In accordance with the new act, an independent company, Landsnet hf., began operation on 1 January 2005. This company was created to organize the distribution of electric power between different parts of Iceland and to its largest population centres. RARIK owns a 24.2% share in Landsnet hf.

These changes were accompanied by new emphases; preparations began in mid-2005 for the establishment of an energy sales company to begin operation in 2006. The new company is owned by RARIK, the Westfjord Power Company (Orkubú Vestfjarða) and the National Power Company (Landsvirkjun).

At the beginning of 2005 the Minister of Industry granted RARIK a construction permit for the expansion to 20 MW of the Lagarfoss Power Plant in East Iceland, with an energy increase of 130 GWh per year.

Construction work for the power plant began in mid-April and is scheduled to be completed in 2007.

On 10 May 2005 an agreement was signed between the representatives of the town of Blönduós and RARIK regarding the RARIK purchase of the property of the Blönduós Hot Water Supply. RARIK purchased all rights to hot-water sources and all structures owned by the Blönduós Hot Water Supply. The purchasing price for the hot-water supply was ISK 427 million and RARIK took over the supply's operations on 1 July 2005.

On 3 April 2006 the Icelandic Parliament enacted a new law dealing with the conversion of RARIK into a limited company – just 60 years after Parliament adopted the Act on the Establishment of Iceland State Electricity. According to the new act, RARIK will be incorporated on 15 July 2006, and this limited company will take over all activities of Iceland State Electricity on 1 August 2006.

FINANCES

RARIK's operating performance was positive in many ways in the year 2005. The financial results improved greatly from 2004. Operating revenues for the year 2005 amounted to ISK 7.5 billion in 2005, compared to ISK 6.4 billion in 2004, an increase by 17 %. Operating expenses decreased from ISK 4.92 billion in 2004 to ISK 4.83 billion in the year 2005, a decrease of 2 %.

Capital earned by company operations, i.e. operating profit before depreciation and financial items (EBITDA), increased from ISK 1.5 billion in 2004 to ISK 2.7 billion in the year 2005, corresponding to an increase of 78 %. Depreciation in 2005 is almost ISK 930 million, a decrease by ISK 137 million from 2004. RARIK's profit before financial costs was ISK 1.7 billion in 2005, compared to ISK 440 million in 2004. Financial costs change from a positive sum of ISK 32 million in 2004 to a negative sum of ISK 163 million in 2005, the difference amounts to ISK 195 million between the years.

Net profit thus amounted to almost ISK 1.6 billion in the year 2005, compared to ISK 472 million in 2004. Total assets at the end of the year 2005 amounted to ISK 19.1 billion and equity amounted to ISK 13.2 billion, the equity ratio at the end of 2005 being 69%.

SOME KEY FIGURES 2005

	West	North	East	South	RARIK
Population	9.080	17.040	12.310	11.500	49.930
Consumer connections	5.643	8.101	5.206	8.060	27.010
Retail sales, GWh	146	231	347	211	935
Retail sales per capita, kWh	16.080	13.560	28.190	18.350	18.730
High tension systems, km	1.975	2.835	1.659	2.348	8.817



kV	=	kílóvolt
kW	=	kílóvatt
MW	=	megawatt = 1.000 kW
kVA	=	kílóvoltamper
MVA	=	megavoltamper = 1.000 kVA
kWh	=	kílóvattstund
MWh	=	megawattstund = 1.000 kWh
GWh	=	gígawattstund = 1.000 MWh = 1.000.000 kWh
TWh	=	terawattstund = 1.000 GWh = 1.000.000.000 kWh
GL	=	gígalítrar = 1.000 megalítrar = 1.000.000 kílólítrar (tonn)
mkr	=	milljón krónur
h	=	klukkustund
EVJ	=	háspennulína með einum vír
TV	=	tveggja víra lína
ÞV	=	þriggja víra lína
LV	=	Landsvirkjun
mkr	=	million icelandic crowns
h	=	hour
EVJ	=	one wire line (earth return)
TV	=	two wire line
ÞV	=	three wire line
RARIK	=	Iceland State Electricity
LV	=	National Power Company

Útgefandi/Published by
RARIK
Rauðarárstígur 10
Sími/Tel. 528 9000
Fax 528 9009
rarik@rarik.is
www.rarik.is

Ábm.: Tryggvi Þór Haraldsson rafmagnsveitustjóri
Umsjón: Stefán Arngrímsson
Hönnun, umbrot og prentun: Ásprent Stíll
Ljósmyndir: RARIK
Prófarkalestur: Fremri kynningarþjónusta



